

ENDURHEIMTUR ÚR SLEPPINGUM
SJÓGÖNGUSEIÐA Í LANGÁ Á
MÝRUM. FRAMVINDUSKÝRSLA.

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, apríl 1988

VMST-V/88008X



VEIÐIMÁLASTOFNUN - VESTURLANDSDEILD
Kveldúlfsgötu 2A, 310 Borgarnesi.

1. INNGANGUR

Veiðifélag Langár hefur allt frá 1982 gert tilraunir með sleppingar á sjógönguseiðum til eflingar stangveiði í ánni og hafa þessar tilraunir verið gerðar í samvinnu við Veiðimálastofnun. Markmið sleppinganna hefur einkum verið að fá áreiðanlegar upplýsingar um endurheimtur sleppinganna og þar með gildi þeirra sem fiskræktaraðferð fyrir ána. Einnig hafa verið gerðar tilraunir með mismunandi sleppistaði.

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir endurheimtum í Langá árið 1987 og sérstaklega teknar fyrir endurheimtur úr sleppingunum 1982 - 1985, en þær sleppingar hafa nú að fullu skilað sér í ána. Ætlunin er að taka niðurstöður úr þessum sleppingum nánar saman síðar og því verður hér aðeins stiklað á stóru um það helsta sem fram hefur komið.

2. FRAMKVÆMD

2.1. MERKINGAR

Merkingar með örmerkjum hafa nú fest sig í sessi hér á landi og eru nú nær eingöngu notaðar við merkingar sjógönguseiða héraendis. Litilli málmflís er skotið í trjónu fisksins og veiðiugginn er einnig klipptur til að hægt sé að vita að fiskurinn sé merktur á þennan hátt. Til að endurheimta merkin er snoppa skorin af fiskinum og lesið úr merkinu á rannsóknarstofu.

2.2. SLEPPIHÖPAR OG SLEPPIADFERDIR

Árin 1982 - 1987 hefur alls verið sleppt 31167 örmerktum seiðum í Langá (Tafla 1). Fram til 1987 voru aðkomustofnar notaðir til sleppinganna, m.a. stofnar úr Þverá, Laxá í Dölum, Kollafirði, Lárós, Norðurá, Haukadalsá, Álftá og Reykjadalsá. Vorið 1987 var í fyrsta sinn sleppt seiðum af Langárstofni í ána.

Einnig hafa verið gerðar tilraunir með mismunandi sleppistaði og er þar einkum um tvo staði að ræða, þ.e. Sjávarfoss og Sveðjufoss. Einnig var í eitt skipti sleppt seiðum á

Breiðunni rétt fyrir ofan Sjávarfoss, þ.e vorið 1986.

2.3. MERKJAEFTIRLIT

Einn af þeim þáttum sem mestu máli skiptir í tilraunum með sleppingar merktra gönguseiða er eftirlit með merktum lögum er þeir skila sér aftur í ána. Eftirlit með merktum fiskum í stangveiðinni í Langá er í höndum veiðiréttareigenda og er það í ágætu lagi. Má ætla að flestir merktir fiskar sem veiðast í ánni komi fram þó ætíð sé eitthvað um að merktir fiskar komi ekki fram. Hvað merkjaskil varðar úr sjávarveiði og netaveiði í Hvítá verður hins vegar að treysta á að þeir sem veiða skili merkjum, en einnig er reynt að hafa eftirlit með fiski sem berst í laxamóttöku KB í Borgarnesi. Þetta eftirlit er þó ekki að fullu virkt og ekki skila allir merkjum. Því verður að skoða allar niðurstöður með hliðsjón af því að um lágmarkstöður er að ræða.

3. NIÐURSTÖÐUR

3.1. ENDURHEIMTUR ARIÐ 1987

Árið 1987 kom fram mikill fjöldi örmerktra laxa úr sleppingu gönguseiða í Langá eða alls 478 fiskar. Árið 1987 urðu endurheimturnar mjög rýrar miðað við 1986 og komu alls fram 24 örmerktir fiskar (Tafla 2). Flestir þeirra komu fram í stangveiði í Langá eða 17 (70.8%), en afgangurinn kom fram á Lambastöðum, Þursstöðum og í Hvítá. Engin merki komu frá Rauðanesi, og ekki fannst Langárfiskur í veiði á Kúludalsá og Kirkjubóli eins og árið áður.

3.2. ENDURHEIMTUR ÚR SLEPPINGUM 1982 - 1985

Endurheimtur úr sleppingunum 1982 - 1985 eru nú að fullu komnar fram (Tafla 3, Mynd 2). Ástæða er því til að staldra við og athuga útkomu þessara sleppinga. Athygli vekur hvað heimturnar eru misjafnar. Heildarheimtur frá sleppingu fyrir neðan Sjávarfoss eru frá 0.8% 1982 til 5.9% úr sleppingu 1985 en það eru bestu heimtur sem náðst hafa úr sleppingum gönguseiða í íslenska laxveiðiá. Heimtur í stangveiðina í Langá eingöngu er á bilinu 0.7% 1984 til 3.2% úr sleppingunni 1985. Sleppingin 1985 stendur því upp úr og eru 4 - 5 falt

betri en árin á undan. Sleppingarnar í Sveðjufoss hafa skilað sér lakar. Heildarendurheimtur úr þeim sleppingum eru frá 0.6% 1984 upp í 1.4% úr sleppingunni 1985. Sé stangveiðin eingöngu tekin fyrir eru endurheimturnar 0.5 - 1.0%.

3.3. ENDURHEIMTUR UR SLEPPINGU 1986.

Árið 1986 var sleppt 2148 seiðum og var um að ræða blöndu seiða af stofni Alftár, Þverár og Reykjadalárs. Þetta voru seiðin tekin í ána mun síðar en venjan hefur verið og auk þess var breytt um sleppistað. Árið 1987 veiddist enginn smálax úr þessari sleppingu, þ.e sleppingin virðist hafa mistekist. Vorið 1987 þegar veitt var í net á ósasvæði Langár veiddust nokkur seiði úr sleppingunni 1986. Það er afar líklegt að seiðin hafi verið komin fram yfir göngubúningsmyndunina er þeim var sleppt og hafi því beðið eitt ár í viðbót. Því ætti að vera von á afrakstri þessarar sleppingar 1988 en óhjákvæmilega verða afföll á seiðunum er þau biða eitt ár í ánni. Þá er einnig ljóst að afföll á smálaxi í sjó voru mikil árið 1986 því smálaxinn skilaði sér afar illa og var einnig rýrari að þyngd en oft áður.

4. UMRÆÐUR.

Ljóst er að endurheimtur úr sleppingum gönguseiða í Langá á Mýrum eru mjög misjafnar á milli ára. Sleppingin frá 1985 skilar þannig 4 - 5 falt betri endurheimtum en árin á undan. Eðlilegt má teljast að heimtur séu misjafnar á milli ára því umhverfisaðstæður eru breytilegar og sjávarástand tekur mið af því. Munurinn á heimtum er þó það mikill að óeðlilegt má teljast. Því má ætla að gæði seiðanna sem sleppt er, sleppistaðurinn, sleppitíminn og sleppiaðferðirnar skipti þarna einnig miklu máli.


Sá tími sem seiðunum er sleppt á er afar mikilvægur. Oft er talað um þetta tímabil sem glugga sem opnast í stuttan tíma á hverju vori. Seiðin eru þannig í sjógöngubúningnum í stuttan tíma á vorin og fara til sjávar þegar aðstæður eru hagstæðar. Fjölmargar tilraunir hafa þannig sýnt að hámarksendurheimtina má vænta þegar sleppt er á stuttu tímabili á vorin. Best er að miða sleppitímann við það tímabil er náttúruleg seiði fara

til sjávar. Í Langá er þessi tími fyrrihluti júnímánaðar og ætti ekki að sleppa seiðum síðar.

Gæði seiðanna skipta að sjálfsögðu miklu máli. Framleiðsla eldisstöðva er misjöfn t.d hvað gæði ugga varðar. Jafnvel frá ári til árs og getir að sjálfsögðu haft áhrif á endurheimtur. Það sem skiptir þó einna mestu máli eru að eldisseiðin séu rétt "tímasett" á vorin, þ.e séu í göngubúningnum á réttum tíma fyrir ána. Það hefur stundum komið fyrir að eldisseiðin eru komin of langt í sjóþroskanum og fara því úr göngubúningnum og ganga því ekki til sjávar fyrr en næsta vor. Í Langá er brýnt að taka seiðin því eins snemma í ána og hægt er til að seiðin séu samstillt hitastigi árinna og birtu umhverfisins.

Aður hefur verið fjallað um áhrif sleppistaðarins á endurheimturnar í Langá. Aðstæður við Sjávarfoss eru sérstaklega hagstæðar fyrir hafbeitarsleppingar. Þar er dýpi mikið og seiðin því í öruggu vari fyrir afræningjum og auk þess geta þau á ósasvæðinu valið sér seltustig eftir hentugleikum. Þá er einnig mikil fæða til staðar á ósasvæðinu. Aðstæður til sleppinga við Sveðjufoss eru einnig hagstæðar en eldisseiðin þurfa að ganga um 13 km leið til sjávar og afræningjar eiga þá færi á seiðunum, en þau eru ekki straumvanin og óvön slíkum aðstæðum. Þau hegða sér því oft þannig að þau eru auðveld bráð. Þetta er helsta skýringin á minni endurheimtum á þessu svæði. Athygli er hins vegar vakin á þýðingu sleppistaðarins fyrir endurheimturnar á fiskinum. Laxinn sem sleppt við Sjávarfoss gengur lítið fram ána er hann snýr til baka og nýtist því mest í veiði á neðsta svæði árinna.

MYND 1: ENDURHEIMTA (%) LAXA ÚR SLEPPINGUM GONGUSEIDA I LANGA 1982 - 1985 EFTIR SLEPPISTODUM. ENDURHEIMTA I STANGVEIÐI I LANGA OG NETAVEIÐI ER EINNIG SYND.



TAFLA 1
SLEPPINGAR ÖRMERKTRA SJÖGONGUSEIDA Í LANGA A MYRUM
EFTIR STOFNUM OG SLEPPISTÖÐUM 1982 - 1987.

<u>ÁR</u>	<u>STAÐUR</u>	<u>STOFN</u>	<u>FJÖLDI</u>	<u>ALÐUR</u>
1982	Sjávarfoss	Þverá	4000	1
1983	Sjávarfoss	Laxá í Dölum	4009	1
1984	Sjávarfoss	Kollafjörður	1005	1
	Sjávarfoss	Lárós	957	1
	Sveðjufoss	Kollafjörður	1005	1
	Sveðjufoss	Lárós	1006	1
	SAMTALS		3973	
1985	Sjávarfoss	Þverá	5866	1
	Sjávarfoss	Norðurá	1012	2
	Sjávarfoss	Haukadalsá	1002	1
	Sveðjufoss	Þverá	2148	1
	SAMTALS		10028	
1986	Breiðan	Alftá/Þverá		
		Reykjadalsá	2148	1
1987	Sjávarfoss	Langá	4316	1
	Sveðjufoss	Langá	2693	1
	SAMTALS		7009	
FJÖLDI MERKTRA LAXASEIDA			31167	

TAFLA 2
FJOLDI ORMERKTRA LAXA SEM ENDURHEIMTIST 1987
UR SLEPPINGUM GONGUSEIDA I LANGA A MYRUM.

<u>ENDURHEIMTUSTADUR</u>	<u>FJOLDI MERKTRA</u>	<u>% MERKT</u>
Langá (Stangveiði)	17	70.8
Lambastaðir	5	20.8
Pursstaðir	1	4.2
Hvítá	1	4.2
ALLS	24	100.0

TAFLA 3
ENDURHEIMTUR MERKTRA LAXA ARIN 1986 OG 1987 UR
SLEPPINGUM ORMERKTRA GONGUSEIDA I LANGA
EFTIR STOFNUM OG SLEPPISTODUM.

<u>SLEPPISTADUR</u>	<u>SJAVARFOSS</u>						<u>SVEDJUFLOSS</u>	
	<u>ÞVERA</u>		<u>NORÐURA</u>		<u>HAUKADALSA</u>		<u>ÞVERA</u>	
<u>STOFN</u>								
FJOLDI MERKT	5866		1012		1002		2148	
END.H.AR	<u>1986</u>	<u>1987</u>	<u>1986</u>	<u>1987</u>	<u>1986</u>	<u>1987</u>	<u>1986</u>	<u>1987</u>
<u>ENDURH.STADUR</u>								
LANGA	175	8	36	1	28	1	16	7
ANNARSST.	152	5	35	0	22	0	6	2
ALLS	327	13	71	1	50	1	22	9
<u>% ENDURHEIMTUR</u>								
LANGA	2.98	0.14	3.56	0.10	2.79	0.10	0.74	0.32
ANNARSST.	2.59	0.08	3.46	0	2.20	0	0.22	0.09
ALLS	5.57	0.22	7.02	0.10	4.99	0.10	1.02	0.41
HEILD STOFNAR	5.79		7.12		5.09		1.43	
HEILD SLEPPIST.			5.87				1.43	